

Föstudaginn 16. ágúst 1996.
 Nr. 281/1996. **Pórhallur Ölver Gunnlaugsson**
 (Símon Ólafsson hdl.)
 gegn
íslenska ríkinu

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1996, þar sem bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða málskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Það athugast, að kæra þessi er með öllu að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 5. júní síðastliðinn og tekið til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er ríkissjóður, kt. 540269-6459, Arnarhvoli, Reykjavík.

Varnaraðili er Pórhallur Ölver Gunnlaugsson, kt. 210458-3529, til lögheimilis að Laugavegi 145, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þar dómkröfur, að synjað verði um framgang kröfu

sóknaraðila og varnaraðila úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

II.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 9. maí 1995, var varnaraðili dæmdur í refsímáli til að greiða sóknaraðila skaðabætur, að fjárhæð 38.195.944 kr. Þar eð vaxta var eigi krafist, voru þeir ekki dæmdir. Varnaraðili áfrýjaði dóminum, að því er refsingu varðaði, en ekki vegna fyrrgreindra skaðabóta, sem hann hafði verið dæmdur til að greiða sóknaraðila. Hinn 20. febrúar 1996 var tekin fyrir í Síðumúlafangelsi fjárnámsbeiðni sóknaraðila vegna umræddrar kröfu, og er þá eftirfarandi bókað: „Gerðarþoli neitar að upplýsa, hvort hann eigi eignir, en honum er leiðbeint um, í hverjum réttindum og eignum fjárnám verði gert, og inntur svara sérstaklega um, hvort honum tilheyri eitthvað slíkt. Fulltrúi sýslumanns skorar á gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms og tekur fram, að verði hann ekki við þeirri áskorun, verði gerðinni að kröfu gerðarbeiðanda lokið án árangurs, og er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Gerðarþola er leiðbeint um þýðingu fjárnáms. Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.“

Með bréfi, dagsettu 15. apríl 1996, krafðist sóknaraðili gjaldþrotaskipta á búi varnaraðila með vísan til hins árangurslausa fjárnáms. Samkvæmt beiðninni nam krafa sóknaraðila á þeim tíma samtals 44.829.292 kr. með vöxtum og kostnaði.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því fram haldið, að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur vegna hinna tildæmdu skaðabóta sé endanlegur, að því er þær varðar. Reynt hafi verið að fá dóminum fullnægt með aðför 20. febrúar 1996, en án árangurs. Hafi þau úrslit leitt til gjaldþrotabeiðni sóknaraðila. Engin mót-mæli hafi komið fram af hálfu gerðarþola við fyrirtöku aðfararbeiðninnar, og þá hafi hann ekki kært framkvæmd aðfarargerðarinnar til héraðsdóms á sínum tíma.

Um mótmæli varnaraðila með vísan til 27. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist á grundvelli þess, að fjárnámsgerð hafi ekki mátt fram fara, þar sem varnaraðili hafi þá verið í afplánun, og um sé að ræða „opinbera kröfu (skatt)“, sé hér um að ræða tildæmdar skaðabætur og því augljóslega ekki opinber gjöld. Beri þegar af þeirri ástæðu að hafna þessari málsástæðu varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess, að hann hafi verið byrjaður afplánun refsivistardóms, er aðfarargerð fór fram 20. febrúar 1996. Hafi varnaraðili mótmælt aðförinni og ekki hirt um að neyta réttar síns til að benda á eignir, þar

sem hann hafi talið aðförina óheimila lögum samkvæmt. Vísar varnaraðili í því sambandi til 27. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist. Sé krafa sóknaraðila um gjaldþrotaskipti því ólögmat, þar sem bann sé lagt við innheimtu opinberra gjalda hjá fanga, meðan á afplánun stendur.

Að auki reisir varnaraðili kröfur sínar á efnisrökum, sem þegar hefur verið dæmt um í fyrrgreindu refsímáli, og er því ekki tilefni til að reifa þau í ágreiningsmáli þessu.

IV.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist er óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá fanga, meðan á afplánun stendur, sé hann lengur en þrjá mánuði í afplánun. Sú málsvörn varnaraðila, að fjárnám hafi ekki mátt fram fara 20. febrúar 1996 vegna fyrrgreindra lagafyrirmæla, er því ekki á rökum reist, þar sem krafa sóknaraðila er vegna skaðabóta, sem varnaraðila var gert að greiða honum með fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, en ekki opinberra gjalda, svo sem umrædd lagagrein á við um. Ber því að hafna þessari málsástæðu varnaraðila.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, var gert árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila 20. febrúar 1996. Þeirri gerð hefur ekki verið hnekk, og ber því að leggja hana til grundvallar við úrlausn máls þessa. Af því leiðir, að varnaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann sé fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum, þegar þær koma í gjalddaga, eða hann verði það innan skamms tíma. Þá gefa önnur gögn málsins ekki tilefni til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag varnaraðila. Samkvæmt því og með vísan til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. ber að taka til greina þá kröfu sóknaraðila, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú varnaraðila, Þórhalls Ölvers Gunnlaugssonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Málskostnaður fellur niður.